

Ferðamálastefna Fjarðabyggðar

2020-2021

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Móttaka farþegaskipa.....	4
Markmið	4
Aðgerðir	5
1. Móttökuhús á hafnarsvæði á Eskifirði	5
2. Landtökuskip.....	5
3. Áfangastaðir gesta skemmtiferðaskipa	5
4. Afþreying og viðburðir	5
2. Söguarfleiðin: Söfn, sýningar og sögugöngur.....	6
Markmið	6
Aðgerðir	6
1. Opnunartími og aðgengi safna	6
2. Mannauður og þjónusta safna	6
3. Merkingar og leiðsögn safna.....	6
4. Vaxtataækifæri safna sem ferðasegla	7
3. Sundlaugar og íþróttastaða.....	7
Markmið:	7
Aðgerðir	7
1. Opnunartímar sundlauga	7
2. Þjónustustig og gæði	7
4. Vetrarafþreying og útivist, „Fjarðabyggð flott í vetur“	8
Markmið:	8
Aðgerðir	8
1. Markaðsátak skíðamennsku í Fjarðabyggð.....	8
2. Uppbygging skíðasvæðis og þróun útivistar	8
3. Þjónusta, gæði og öryggi.....	9
5. Tjaldsvæði	9
Markmið:	9
Aðgerðir	9
1. Uppbygging tjaldsvæðanna í Fjarðabyggð.	9
2. Þjónustukönnun meðal gesta tjaldsvæða.....	9

6. Náttúruperlur og áfangastaðir	10
Markmið:	10
Aðgerðir	10
1. Uppbygging áfangastaða og verklag	10
2. Kortlagning ferðasegla og staða þeirra	10
3. Álag á áfangastöðum	10
7. Markaðsetning	11
Markmið:	11
Aðgerðir	11
1. Endurmat	11
2. Rafræn markaðsetningu	11
3. Uppfærsla á þjónustuvef ferðamanna	11
8. Skilti og merkingar, upplýsingamiðstöðvar	11
Markmið:	12
Aðgerðir	12
1. Upplýsingamiðstöðvar, þjónusta og miðlun markaðsefnis	12
2. Anddyri, merkingar og skilti	12

Formáli

Fjarðabyggð er fjölkjarna samfélag sem samanstendur af fjölbreyttri náttúru og afþreyingu. Bæjarkjarnarnir bera einkenni samfélaga sem þróast hafa sem sjávarbyggðir með öflugum grunnstoðum atvinnulífs tengdum sjávarútvegi og vinnslu. Ferðaþjónusta hefur verið að hasla sér völl og nýtir sér aðdráttarafl náttúru svæðisins sem studd er af öflugum innviðum.

Tækifæri atvinnugreinarinnar til vaxtar eru mikil en fjarlægðir frá alþjóðaflugvelli og meginstraumi ferðamanna eru hindranir ásamt verðlagi á almenningssamgöngum.

Samvinna ferðaþjónustuaðila til sóknar í markaðsmálum og uppbyggingu þjónustu og innviða eru mikilvægustu tækifæri greinarinnar. Ímynd og orðspor þjónustu eru jafnframt lykilþættir í velgengni til lengri tíma.

Í Fjarðabyggð eru miklar vonir bundnar við framgang greinarinnar og kraftmiklir sprotar sem hafa alla möguleika til vaxtar sé rétt unnið úr tækifærum. Öflug ferðaþjónusta bætir gæði samfélagsins með auknu framboði þjónustu og afþreyingar sem nýtist íbúum og eykur velsæld og lífsgæði.

Ferðamálastefna Fjarðabyggðar tilgreinir megináherslur næstu missera og aðgerðir þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir vægi. Stefnan er unnin með hliðsjón af áfangastaðaáætlun Austurlands. Til framgangs atvinnugreininni þarf stefnan að vera í stöðugu rýni og gert er ráð fyrir endurskoðun hennar á árinu 2021 en landslag í ferðaþjónustu er síbreytilegt.

1. Móttaka farþegaskipa

Fjarðabyggð er áfangastaður skemmtiferðaskipa og er Eskifjarðarhöfn þeirra megin áfangastaður.

Fjarðabyggð telur að hæfilegur fjöldi skipa með farþegafjölda að hámarki 1.000 manns sé innan þolmarka samfélags og aðstöðu sem í boði er.

Markmið

- Að haldið verði áfram markaðssetningu Fjarðabyggðarhafna fyrir farþegaskip.
- Að komur farþegaskipa verði árlega 20 til 25.
- Að farþegafjöldi hvers skips sé um 1.000 farþegar.
- Að skilgreina algengustu áfangastaði sveitarfélagsins sem henta farþegum skemmtiferðaskipa.
- Að innviðir Fjarðabyggðar séu sem best í stakk búnir til að taka á móti farþegum.

Aðgerðir

1. Móttökuhús á hafnarsvæði á Eskifirði

Endurbæta þarf húsnæðið svo það geti sem best þjónað hlutverki sínu. Bæta þarf til muna flæði í gegnum húsið og koma í veg fyrir að miklar raðir myndist, þegar farþegar fara í gegnum húsið. Farþegar stoppa í húsinu til að fá upplýsingar en það hindrar flæði í gegnum húsið og þá geta myndast langar raðir sem veldur neikvæðri upplifun við ákveðnar veðuraðstæður. Aðstöðu fyrir hreyfihamlaða farþega þarf að laga. Snúa þarf húsnæðinu og hafa einstefnudyr inn og aðrar einstefnudyr út. Þannig verður flæðið inn og út úr skúrnum mun betra þegar fjölmennustu skipin eru við bryggju. Skipta þarf um gólfefni en núverandi gólfefni er mjög hált í bleytu. Uppfæra þarf upplýsingaskilti.

2. Landtökuskip

Taka þarf afstöðu til þess hvort vilji sé til þess að taka á móti svokölluðum landtökuskipum (Explorer), sem ekki leggjast að bryggju en senda fólk í land á léttabátum. Verði ákveðið að taka á móti slíkum skipum þarfnast slíkt undirbúnings, þar sem sú móttaka er með allt öðrum hætti en skipa sem leggjast að bryggju. Ræða þarf við landeigendur auk þess sem taka þarf tillit til þeirrar stefnumótunar sem sveitarfélagið hefur sett sér í umhverfismálum og nýtingu strandsvæða. Skilgreina þarf hafnarsvæði og hvar gjaldtaka hefst og hvar hún endar. Auk þess þarf að taka mið af stefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

3. Áfangastaðir gesta skemmtiferðaskipa

Bleiksársfoss á Eskifirði er afar vinsæll staður sem lang flestir gestir heimsækja. Gönguleiðin að fossinum þarfnast endurhönnunar og uppbyggingar þar sem útsýni að fossinum yrði tryggt og hún gerð örugg. Stríðsárásafnið á Reyðarfirði er algengur áfangastaður í skipulögðum ferðum og Búðararfoss en hanna þarf aðkomu og uppbyggingu gönguleiða sem tryggir gott og öruggt aðgengi og útsýni að fossinum.

4. Afþreying og viðburðir

Nýta skapandi sumarstörf til viðburða og afþreyingar á komudögum skipa. Lagt er til að sett verði saman teymi sem skoði og þrói hugmyndir um aðkomu skapandi sumarstarfa í samvinnu við verkefnastjóra skapandi sumarstarfa til að tryggja jákvæða upplifun allra aðila og til að nýta verkefnið sem best. Það gæti verið með ýmsum hætti. t.a.m. má sjá fyrir sér að hægt sé að glæða söfnin í Fjarðabyggð auknu lífi, sögugöngum og fleiru.

2. Söguarfleiddin: Söfn, sýningar og sögugöngur

Fjarðabyggð er með fjölda áhugaverðra safna sem sveitarfélagið á, en einnig eru hér rekin söfn af einkaaðilum.

Fjarðabyggð telur að söfn þjóni mikilvægu hlutverki í móttöku ferðamanna á svæðinu. Safnaflóran er fjölbreytt og rekur sveitarfélagið áhugaverð söfn. Auk safna Fjarðabyggðar eru í einkaeigu Steinasafn Petru á Stöðvarfirði og sjálfseignarstofnunin Breiðdalssetur í Breiðdal. Safnaflóran í Fjarðabyggð er

Því afar fjölbreytt og ljóst að í þeim efnum eru svo sannarlega mörg tækifæri til sóknar.

Markmið

- Opnunartími safna í Fjarðabyggð verði aukinn og samræmdur viðburðum, þörfum og þjónustu.
- Að ferðþjónustuaðilar hafi tryggt aðgang að söfnum í eigu Fjarðabyggðar utan opnunartíma.
- Að leiðsögn um söfn og safnvarsla verði endurskoðuð.
- Að á öllum söfnum séu gripir og munir vel merktir og miðlun góð.
- Að söfnin haldi áfram að þróast í takt við tímann.

Aðgerðir

1. Opnunartími og aðgengi safna

Auka opnunartíma og koma þannig til móts við aukningu ferðamanna utan háannatíma. Athuga þarf hvort rétt sé að lengja tímabil opunar lengra inn í haustið. Ferðþjónar eigi greiða leið að láta opna söfnin fyrir hópum á þeim tíma sem söfnin eru lokuð. Bæta þarf umhverfi og aðgengi að söfnum þannig að það sé samkvæmt lögum og reglum og ávallt snyrtilegt. Dagleg umhirða þarf að vera bundin skýrum verkferlum og ábyrgðin skýr.

2. Mannauður og þjónusta safna

Endurskoða aðkomu félaga eldri borgara á hverjum stað að þjónustu við gesti og horfið verði frá þeirri stefnu en að Safnastofnun ráði sér sumarstarfsmenn til starfa á söfnunum yfir háannatímann. Tryggja þarf að starfsfólk safnanna hafi þekkingu og þjálfun í að veita sem besta þjónustu. Stefna skal að því að allir þeir sem koma að vinnu á safninu skuli undirgangast þjónustunámskeið og að skýr þjónustumarkmið liggja til grundvallar.

3. Merkingar og leiðsögn safna

Framsetning safnmuna og merking þeirra endurskoðuð. Tryggja þarf að upplýsingar um muni séu aðgengilegir á a.m.k. tveimur tungumálum þ.e. íslensku og ensku. Metnir verði möguleikar á rafrænni miðlun efnis á söfnunum sem gerir þau aðgengilegri og miðlun upplýsinga verður þannig mun betri til að bæta upplifun gesta af safninu. Endurskoða upplýsingar og auglýsingar um staðsetningu safna þannig að þær séu skýrar og einfaldar s.d. með því að nýta safnmuni til að vekja athygli inn í byggðakjörnum.

4. Vaxtataekifæri safna sem ferðasegla

Auka þarf markaðssetningu Franska safnsins m.a. til samstarfs við vinabæ Fjarðabyggðar í Gravelines í Frakklandi til þess að styrkja menningartengsl sem nýst geta safninu ásamt því að ná til stærri hóps Franskra ferðamanna. Upplýsingar um safnið s.d. við þjóðveg nr. 1 þarf að bæta. Stríðsárasafnið þarf að efla og þróa en safnið er þannig staðsett að stækkun þess er nokkuð auðveld enda landrými nægjanlegt.

Sérstaða safnsins er óumdeild og er leiðandi í varðveislu á minjum og sögum tengdum stríðsárunum á Íslandi og þarf að fá stöðu sem aðal safn um sögu stríðsáranna á Íslandi.

3. Sundlaugar og íþróttaaðstaða

Fjarðabyggð er með fjölbreytta innviði fyrir heilsueflingu og íþróttastarf. Fjarðabyggð vill nýta innviði sína sem best og bjóða þá sem eftirsóttu áfangastaði ferðamanna sem heimsækja sveitarfélagið allt árið um kring. Sundlaugar Fjarðabyggðar eru misjafnar að stærð og búnaði og veita hver sína upplifun allt árið um kring. Fjarðabyggðarhöllin, íþróttahús og líkamsræktir eru heilsulindir og aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Markmið:

- Opnun sundlauga verði samræmd viðburðum, þörfum og þjónustu.
- Þjónusta sundlauga Fjarðabyggðar verði metin og skilgreindar gæðakröfur.
- Starfsfólk hljóti þá þjálfun sem nauðsynleg er skilvirkri og góðri þjónustu.

Aðgerðir

1. Opnunartímar sundlauga

Endurmeta opnunartíma sundlauga Fjarðabyggðar allt árið um kring og láta hann ríma við viðburði og frídaga þegar gera má ráð fyrir því að fólk sé á ferðinni. Eins þarf að láta opnunartíma sundlauganna passa við opnunartíma skíðasvæðisins í Oddsskarði, enda mynda sundlaugarnar mikilvæga heild með skíðasvæðinu þegar kemur að því að markaðsetja Fjarðabyggð sem skíðaparadís.

2. Þjónustustig og gæði

Reglulega verði gerðar þjónustukannanir í sundlaugum þar sem upplifun gesta er könnuð. Þá þarf að tryggja að starfsfólk sundlauganna hafi þekkingu og þjálfun í að veita sem besta þjónustu og sæki þjónustunámskeið. Þá verði skilgreind þjónustumarkmið og grundvallareglur um hvernig móttöku gesta skuli háttáð. Sundlaugarnar í Neskaupstað og á Eskifirði þjóna sem upplýsingamiðstöðvar og verður starfsfólk þeirra að vera í stakk búíð til að veita upplýsingar um Fjarðabyggð og nærumhverfi.

4. Vetrarafþreying og útivist, „Fjarðabyggð flott í vetur“

Fjarðabyggð á stærsta skíðasvæðið á Austurlandi, nefnt Austfirsku Alparnir, en þar eru einstakar gönguleiðir, skíðaleiðir og útsýnisstaðir. Fjarðabyggð telur að skíðasvæðið eigi talsverða möguleika til framtíðar og það megi efla með landmótun, grjóthreinsun, uppsetningu á

snjósöfnunargirðingum, endurbótum á ljósabúnaði auk göngu- og hjólabrautum.

Markmið:

- Að byggja undir „Fjarðabyggð – flott í vetur“.
- Að byggja upp skíðasvæðið í Oddsskarði.
- Að nýta skíðasvæðið yfir sumartímann t.d. fyrir fjallahjólreiðar og útivist.
- Að efla samstarf við ferðaþjónustuaðila um nýtingu svæðisins.
- Að markaðssetja Fjarðabyggð sem viðkomustað íþróttahópa í æfingaferðum.

Aðgerðir

1. Markaðsátak skíðamennsku í Fjarðabyggð

Farið verði í sérstakt markaðsátak með svæðið og leitað samstarfs við fagaðila. Markaðsstarfið „Fjarðabyggð – flott í vetur“ verði nýtt áfram og vikka þarf kynninguna út og nota hana sem kynningu á Fjarðabyggð sem fýsilegum kosti til að sækja heim allt árið. Einnig þarf að nýta þau tækifæri sem bjóðast og horfa í því samhengi til hátíða og viðburða sem einkaaðilar standa fyrir yfir vetrartímann og Fjarðabyggð getur verið samstarfsaðili. Meðal markaðsátaks er svokallað Páskafjör haldið í samstarfi sveitarfélagsins, rekstraraðila svæðisins og ferðaþjónustuaðila en það má efla. Mikilvægt er að huga vel að markaðssetningu Oddsskarðs sem á alla möguleika á að vaxa og dafna ef vel tekst til með að vekja á því athygli.

2. Uppbygging skíðasvæðis og þróun útivistar

Bæta aðstöðu fyrir gönguskíðamennsku og auka notkunarmöguleika svæðisins og lengja opnunartíma. Bæta þarf bílastæði og stækka salerni og veitingaaðstöðu til að tryggja að öll aðstaða á svæðinu sé samkvæmt nútíma kröfum og geti mætt auknu álagi. Hefja skipulagningu göngu- og hjólaleiða m.a. fyrir fjallahjólreiðar. Leita tækifæra til nýsköpunar í afþreyingu svæðisins sem aðráttarafls fyrir íþrótt- og útivistarfólks. Búnaður sem hægt er að setja upp við lyfturnar í Oddsskarði verði settur upp sem opnar á möguleika á meiri nýtingu svæðisins yfir sumarmánuðina sem hingað til hafa verið ónýttir.

3. Þjónusta, gæði og öryggi

Starfsfólk skíðasvæðisins hafi þekkingu og þjálfun til að veita góða þjónustu og geti tryggt öryggi gesta. Starfsfólk skíðasvæðis Fjarðabyggðar sitji nauðsynleg þjónustunámskeið til að vera sem best í stakk búíð til að taka á móti gestum. Þá verði unnar grundvallareglur um hvernig móttöku gesta skuli háttáð. Lykilstarfsmenn á svæðinu sækja námskeið í mati á snjóflóðahættu og hafi grunnþekkingu á fyrstu viðbrögðum við snjóflóðum.

5. Tjaldsvæði

Fjarðabyggð á tjaldsvæði í hverjum firði sem nýtast ferðamönnum sem eru með eigin búnað.

Fjarðabyggð telur að byggja þurfi upp tjaldsvæði og skilgreina hlutverk þeirra m.v. aðstaður og staðsetningu.

Markmið:

- Unnið verði mat á tjaldsvæðum og aðstaða bætt ásamt uppbyggingu.
- Þjónustukönnun verði gerð á öllum tjaldsvæðum í Fjarðabyggð.

Aðgerðir

1. Uppbygging tjaldsvæðanna í Fjarðabyggð

Aðstaða fyrir húsbíla, hjólhýsi og tjaldhýsi verð bætt með aðgengi að rafmagni, vatni og seyrulösun á Eskifirði, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Tjaldsvæðið á Eskifirði verði byggt upp á svæði innan við þéttbýlið. Tjaldsvæðið á Stöðvarfirði verði bætt með aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi og sett upp nýtt hreinlætis- og þjónustuhús en skoða þarf hvort núverandi staðsetning bjóði upp á slíkar endurbætur. Tjaldsvæði í Breiðdal þarf nýja staðsetningu til uppbyggingar svæðisins til framtíðar.

2. Þjónustukönnun meðal gesta tjaldsvæða

Komið verði á könnun meðal gesta tjaldsvæðanna þar sem þeir gefa tjaldsvæðum einkunn. Niðurstöður verði nýttar til að bæta og endurmeta þjónustu svæðanna m.t.t. þarfa gesta.

6. Náttúruperlur og áfangastaðir

Fjarðabyggð er rík af fallettri og fjölbreyttri náttúru.

Undanfarin ár hafa talsverðir fjármunir verið settir í uppbyggingu áfangastaða víðsvegar í Fjarðabyggð. Fjarðabyggð mun halda þessari uppbyggingu áfram og vill byggja upp áhugaverða og góða áfangastaði fyrir ferðamenn þar sem þeir geta notið fjölbreyttrar náttúru. Það verður gert með því að skilgreina og ljúka uppbyggingu fólkvanga og friðlanda sem ferðasegla.

Markmið:

- Gerðir verði verkferlar og reglur um uppbyggingu ferðamannasegla.
- Kortlagðir verði núverandi ferðamannaseglar og staða þeirra.
- Aðsókn að svæðum verði skráð m.t.t. þolmarka svæðanna.

Aðgerðir

1. Uppbygging áfangastaða og verklag

Lokið verði við uppbyggingu áfangastaða sveitarfélagsins í Helgustaðanámu, Söxu, Hólmanesi og Fólkvangi í Neskaupstað með framlögum úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða og unnið eftir hönnun staðanna. Verkferlar í kringum uppbyggingu áfangastaða verði skýrðir og gerðir skilvirkari. Skilgreina þarf vel þá ferla sem fara í gang þegar ljóst þykir að náttúrperla eða ákveðin svæði innan sveitarfélagsins séu farin að njóta aukinnar athygli og vinsælda. Uppbygging áfangastaða þarf að vera fagleg og unnin þvert á svið og nefndir sveitarfélagsins.

2. Kortlagning ferðasegla og staða þeirra

Lagt verði mat á ástand náttúruperla, aðsókn, álag og nýtingarmöguleika þeirra á sjálfbæran hátt. Í framhaldi er nauðsynlegt að hafa virkt samtal við opinbera aðila og ferðaþjónustuaðila og í samstarfi við þá, að kortleggja þau svæði sem nú eru mest sótt í sveitarfélaginu. Meta ástand þeirra og nauðsynlegar útbætur. Einnig þarf að eiga samtal við þennan hóp um hvaða önnur svæði, sem hingað til hafa ekki verið skilgreind eða unnið með sem ferðamannasegla, eru til staðar.

3. Álag á áfangastöðum

Mæld verði aðsókn að þeim svæðum sem nú þegar eru skilgreind sem ferðamannaseglar. Er það einkar mikilvægt til að átta sig á þolmörkum þessara svæða og geta frekar stýrt um þá umferð. Með þessu er átt við að kanna þolmörk út frá því hve mikið álag er á náttúru svæðanna og einnig þolmörk heimamanna gagnvart ágengi á svæðunum.

7. Markaðsetning

Fjarðabyggð er staðsett fjarri aðalinnkomu ferðamanna til Íslands en hefur í nágrenni við sig reglubundnar siglingar farþegaferju og varaflugvallar með innanlands áætlunarflug.

Fjarðabyggð vill stuðla að jákvæðri mynd og góðu orðspori samfélags og þjónustu sem dregur að sér ferðamenn þar sem áhersla er lögð á áhugaverðan áfangastað ferðamanna. Horft verði til nýmæla í markaðssetningu.

Markmið:

- Úttekt gerð á markaðssetningu Fjarðabyggðar til framtíðar.
- Endurskoðun á útgáfu og miðlun kynningarefnis.
- Uppfærsla á vefnum www.visitfjardabyggd.is
- Hafin verði vinna við uppsetningu á Fjarðabyggðar-appi.

Aðgerðir

1. Endurmat

Skoða með gagnrýnum hætti hvernig markaðssetningu sveitarfélagsins er háttað með sérfróðum aðilum með nýsköpun í huga. Endurmeta bæklinga og láta kanna endurhönnun þeirra eftir þörfum.

2. Rafræn markaðssetning

Endurmeta markaðssetningu Fjarðabyggðar með áhersla á rafræna markaðssetningu í stað markaðssetningar í blöðum og prentmiðlum. Mat lagt á árangur af Instagram reikningnum Visitfjardabyggd með tilliti til heildstæðrar markaðssetningar. Athuga þarf kostnað við hönnun og uppsetningu á Fjarðabyggðar-appi þar sem hægt væri að nálgast með heildstæðum hætti allar upplýsingar um sveitarfélagið s.s. bæklinga, áhugaverða staði, þjónustu, tjaldsvæði og annað sem snýr að þjónustu Fjarðabyggðar gagnvart ferðamönnum.

3. Uppfærsla á þjónustuvef ferðamanna

Uppfæra vefinn www.visitfjardabyggd.is sem er megin uppistaðan í upplýsingagjöf Fjarðabyggðar til ferðamanna og efla viðburðadagatal sveitarfélagsins.

8. Skilti og merkingar, upplýsingamiðstöðvar

Fjarðabyggð er að hluta til staðsett innan þjóðveggar 1 en stytting leiðar um Austurland með hjáleid um Öxi færir sveitarfélagið úr leið.

Fjarðabyggð vill stuðla að því að upplýsa vegfarendur um allt það áhugaverða sem er að finna í Fjarðabyggð með góðum upplýsingum og merkingum um staði, þjónustu og náttúru til ferðamanna.

Markmið:

- Bætt þjálfun starfsmanna í framlínu gagnvart ferðamönnum.
- Greina hlutverk upplýsingamiðstöðva til framtíðar.
- Uppbygging móttökustaðar í Breiðdal sem anddyri að Fjarðabyggð í suðri.
- Uppbygging móttökustaðar í Reyðarfirði sem anddyri að Fjarðabyggð í norðri.
- Gerð vegmerkingar við Þjóðveg 1 þar sem sýnileiki Fjarðabyggðar er tryggður.
- Skilgreindir verkferla skiltamála innan stjórnarsýslu Fjarðabyggðar.

Aðgerðir

1. Upplýsingamiðstöðvar, þjónusta og miðlun markaðsefnis

Viðhaldið verði núverandi fyrirkomulagi í rekstri upplýsingamiðstöðva í Stefánslaug Neskaupstað, Sundlaug Eskifjarðar, á Brekkunni Stöðvarfirði, Íslenska stríðsárasafninu og Molanum Reyðarfirði, Galleríi Kolfreyju Fáskrúðsfirði, Sólbrekku Mjóafirði, Upplýsingamiðstöð Austurlands Egilsstöðum og móttökumiðstöð Norrænu Seyðisfirði. Tryggð verði uppfærsla efnis og miðlun auk þess sem standar verði uppfærðir. Finna þarf standi varanlegan stað í Breiðdal. Áfram verði samið við fyrirtækið

Bæklingadreifingu Ehf. um dreifingu efnis utan Austurlands, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og á svæðinu frá Mývatni í norðri til Hafnar í Hornafirði í suðri. Farið verði í stefnumótun á vegum Fjarðabyggðar, enda liggur fyrir að talsverðar breytingar eru að verða í áherslum annara aðila s.s. Ferðamálastofu í þessum efnum. Stefna þeirra að færa sig frekar út í rafræna miðlun og loka í framhaldinu upplýsingamiðstöðvum á landsvísu.

2. Anddyri, merkingar og skilti

Bæta merkingar og auka vitund ferðamanna um Fjarðabyggð sem aka um þjóðvegi í grennd við sveitarfélagið. Gengið verði í að hanna og byggja upp móttökustað sunnan Breiðdals sem yrði einskonar anddyri Fjarðabyggðar í suðri. Jafnframt að hanna og byggja upp samskonar anddyri úr norðri. Hafnar verði viðræður við Vegagerðina um bættar vegmerkingar við þjóðveg 1 til að tryggja sýnileika Fjarðabyggðar sérstaklega í Berufirði þar sem gatnamót koma á þjóðveg 1 í botni fjarðarins. Þar þarf að tryggja góðar merkingar sem upplýsa vegfarendur nógu tímanlega um það sem fram undan er.

Fjarðabyggð, 7. júlí 2020



Gunnar Jonsson
Bæjarritari

Samþykkt í menningar- og nýsköpunarnefnd 22. júní 2020
Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 6. júlí 2020